



Samstaða þjóðar gegn Icesave

gagnrýnir villandi umsögn ASÍ um eðli Icesave-III-laganna.

2. apríl 2011.

Sent ýmsum fréttastofum.

Samstaða þjóðar gegn Icesave eru samtök einstaklinga, sem eru andvígir Icesave-kröfum Bretlands og Hollands. Fyrsta verkefni Samstöðu var að standa fyrir áskorun á forseta Íslands og Alþingi um að fram færi þjóðaratkvæði um Icesave-málið, sjá www.kjósum.is. Núverandi verkefni er að upplýsa almenning um staðreyndir Icesave-málsins og afhjúpa þær rangfærslur sem ríkisstjórnin og erindrekar hennar stunda.

Alþýðusamband Íslands hefur sent frá sér fréttabréf dagsett 31. marz 2011, þar sem fjallað er um Icesave-samninga ríkisstjórnarinnar. Í upphafi bréfs er fullyrt að Icesave-málið sé flókið og því lofað að ASÍ forustan ætli að útskýra meginatriði þess á „*einfaldan og hlutlægan hátt*“. Að mati Samstöðu þjóðar gegn Icesave er Icesave-málið ekki flókið, heldur er það einfalt ef menn leyfa sér að hafa í huga hagsmuni almennings á Íslandi. Jafnframt er vafasamt að staðhæfa, að sú umfjöllun sem ASÍ býður lesendum sínum sé til einföldunar, né heldur verður sagt að umfjöllunin sé hlutlæg. Samstaða gerir eftirfarandi athugasemdir við málflutning ASÍ forustunnar.

1. Tryggingasjóðir Bretlands (FSCS) og Hollands (DNB) greiddu innistæður á Icesave-reikningum Landsbankans upp að trygginga-mörkum GBP 50.000 í Bretlandi og EUR 100.000 í Hollandi. Þetta bar þeim að gera samkvæmt trygginga-skilmálum þessara sjóða. Ríkissjóður Bretlands greiddi þær innistæður í Bretlandi sem voru umfram trygginga-mark þar í landi. Í Hollandi átti enginn yfir trygginga-markinu EUR 100.000 og greiddi ríkissjóður Hollands því ekki eina Evru.

2. Trygginga-vernd hjá eigendum Icesave-reikninganna var tvöföld, því að auk tryggingar hjá TIF voru þeir með fulla tryggingu hjá FSCS og DNB. Þegar þessir sjóðir höfðu greitt þær fjárhæðir sem þeim bar, var búið að uppfylla tilskipun Evrópusambandsins um trygginga-markið EUR 20.887. Samtrygging heimaríkis og gistiríkis innan Evrópska efnahagssvæðisins er ekki uppsöfnuð trygging, heldur samsíða. Sá tryggingasjóður sem leysir til sín kröfur innistæðu-eigenda á einn kröfu á endurgreiðslu úr þrotabúi Landsbankans. TIF á engar kröfur á þrotabúið því að hann hefur ekki ennþá keypt neinar bótakröfur.
3. Sú regla að erlendir bankar í Bretlandi og Hollandi séu með tvöfalda tryggingu fyrir það lágmark sem gildir í heimalandinu er eðlilega ekki sérsniðin fyrir Icesave-reikninga Landsbankans. Þetta er algild regla, öllum aðgengileg á Netinu og vonandi flestum auðskilin. Í handbók FSA (Fjármálaeftirlit) segir:

„FEES6.1.17: Erlendir bankar frá EES-ríkjum sem veittur er réttur til aukatrygginga í samræmi við COMP14 eru fjármála-fyrirtæki sem koma frá heimaríki þar sem trygginga-kerfið veitir enga eða takmarkaða bóta-vernd, ef til þess kemur að þau lenda í greiðsluþroti. Í samræmi við FEES6.6 ber FSCS (tryggingasjóður Bretlands) að meta hvort þessir EES-bankar eigi að fá afslátt af því trygginga-iðgjaldi sem þeir ættu annars að greiða og þannig að fá metna trygginga-verndina sem þeir njóta í heima-ríkinu. Allur afsláttur sem þannig er veittur af fullu iðgjaldi, er gjaldfærður á aðra banka í sama fyrirtækjaflokki og erlendi EES-bankinn.“

4. Innistæður hjá gamla Landsbankanum á Íslandi voru keyptar af NIB ásamt skammti af útlánasafni bankans, þannig að jöfnuður næðist. Þetta var gert í samræmi við Neyðarlögin (lög 125/2008) frá 6. október 2008. Neyðarlögin fjölluðu um tvö atriði: a) Heimild til ríkisins að stofna nýja banka og leggja þeim til eiginfé og b) Forgang krafna frá innistæðu-eigendum í þrotabú banka.
5. Það ákvæði Neyðarlaganna sem tryggði forgang innistæðu-eigenda var einungis sett fyrir Breta og Hollendinga. Engin þörf var á því ákvæði fyrir innlenda sparifjár-eigendur, því að stofnun nýgju bankanna var fullnægjandi til að bjargar þeirra innistæðum. Þetta er bara eitt af þeim atriðum sem ríkisstjórn Íslands hefur þagað yfir.
6. Ríkisstjórnir Bretlands og Hollands „*tryggðu*“ ekki neinar innistæður undir trygginga-marki, heldur greiddu tryggingasjóðirnir FSCS og DNB þær innistæður sem þeim bar að greiða. Við það eignuðust sjóðirnir kröfur innistæðu-eigendanna á hendur þrotabúi Landsbankans, en engar lögvarðar kröfur á hendur TIF. Á sama hátt keypti ríkissjóður Bretlands kröfur á hendur þrotabúinu, með greiðslu inneigna yfir trygginga-marki í Bretlandi.
7. TIF greiddi innistæðu-eigendum Icesave engar bætur, þar sem þær kröfur voru keyptar af FSCS, DNB og ríkissjóði Bretlands, án lögformlegra heimilda. Þar af leiðandi er TIF ekki aðili að uppgjöri þrotabúss Landsbankans. Heimskulegt væri að breyta stöðu TIF með kaupum á kröfum FSCS og DNB á hendur þrotabúinu, þar sem öruggt má telja að eignir þrotabúsins muni ekki nægja fyrir höfuðstól krafnanna og vaxtagreiðslur samkvæmt Icesave-III upp á 88 milljarða króna, verða afgangskröfur í þrotabúið og eru því algerlega verðlausar.

8. TIF hefur engar skuldbindingar gagnvart FSCS, DNB eða ríkissjóði Bretlands. Hins vegar ef Icesave-III-lögin verða samþykkt skapast skuldbindingar ríkissjóðs Íslands, sem örugglega munu fara yfir 100 milljarða króna. Við samþykkt Icesave-laganna munu þeir 20 milljarðar sem er að finna í TIF hverfa eins og lauf í vindi og þessir fjármunir verða greiddir með hörðum gjaldeyri og hverfa úr hagkerfi Íslands, án þess að skilja annað eftir en ógræðanlegt sár.
9. Samninganefnd ríkisstjórnarinnar hefur ekki tekist að færa traustvekjandi rök fyrir að heimtur úr þrotabúi Landsbankans verði allt að 90% viðurkenndra forgangskrafna. Þessu til staðfestingar má benda á nýlega dóma Héraðsdóms Reykjavíkur, þar sem heildsölulánnum var veittur sami forgangur og venjulegum innistæðum. Vel er hugsanlegt að fleiri slíkar kröfur fylgi í kjölfarið, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir. Réttarhöld geta einnig hæglega dregið útgreiðslur úr þrotabúinu, og það mun leiða til hærri vaxtakostnaðar ríkissjóðs Íslands ef Icesave-lögin verða samþykkt. Veruleg áhætta er einnig fólgin í afsali lögsögu Íslands í hendur gerðardóms með lögheimili í Haag en starfsstöð í London. Með gerðardómnum er Bretlandi og Hollandi veitt sjálfðæmi um alla þætti er Icesave-deiluna varða.
10. Samstaða þjóðar gegn Icesave hvetur almenning að fella Icesave-lögin í þjóðaratkvæðinu 09. apríl 2011. Engar lagalegar né siðferðilegar forsendur eru fyrir að þjóðin láti niðurlægja sig og samþykkja Icesave-kröfur Bretlands og Hollands. Ríkisstjórn sem forherðist við hverja neitun almennings að axla Icesave-klafann má ekki starfa deginum lengur.